

Veruleg hættu er á, að kærði haldi áfram afbrotum, meðan málum hans er enn ólokið. Þykir því rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, þegar allt framanritað er virt, með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 6. nóvember nk., kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Halldór Lárus Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 6. nóvember 1985, kl. 17:00.

Miðvikudaginn 28. ágúst 1985.

Nr. 191/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Hermanni Ólasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. þ.m., er barst Hæstarétti 23. s.m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem segir í hinum kærða úrskurði, stendur yfir rannsókn út af mörgum innbrotshjófnuðum, sem framdir hafa verið í sumar, og eru margir sakaðir um þátttöku í þeim brotum. Telja verður ástæðu til að ætla, að varnaraðili sé þar á meðal, enda hefur hann kannast við, að hann hafi keypt muni, sem ætla verður, að aflað hafi verið með auðgunarbrotum. Þykir verða að telja hættu á, að það torveldi rannsókn málsins, ef varnaraðili verður látinn laus. Ber þannig með heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Varnaraðili óskaði þess, er hann kom fyrir dóm 20. þ.m., að sér yrði skipaður réttargæslumaður. Eigi verður séð, hvenær slík skipun fór fram. Þegar málið var tekið fyrir á ný næsta dag, er bókað, að réttargæslumaður sé viðstaddur. Dómara bar þá að gefa honum færi á að tjá sig um gæsluvarðhaldskröfuna, áður en úrskurður var upp kveðinn, en af bókun má ráða, að það hafi ekki verið gert. Er það aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. ágúst 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 21. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Unu Þóru Magnúsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Hermann Ólason, fæddur 30.01. 1946, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til miðvikudagsins 18. september nk., kl. 17:00.

Málavextir.

Nú stendur yfir umfangsmikil rannsókn á innbrotsþjófnum á nokkrum stöðum hér í borg, og hafa þeir, sem þar eiga hluta að máli, haft veruleg verðmæti á brott með sér.

Einn hinna kærðu er Hermann Ólason, en grunur leikur á því að hann hafi látið fíkniefni af hendi rakna í skiptum fyrir hluta þess þýfis, er aflað var í framangreindum innbrotum.

Kærði neitar alfarið að hafa greitt fyrir þýfið með fíkniefnum, en kveðst hafa greitt allt í peningum, og kveður hann samanlagða fjárhæð nema kr. 35.000,00. Peninga þá er greitt var með, segir kærði vera hluta af víxilláni frá Landsbanka Íslands.

Kærði kveðst ekki vita, hvernig þeirra muna, er hann festi kaup á, var aflað, en kveður þá menn, er fengu honum munina í hendur, hafa sagt, að þeir væru vel fengnir. Hluti þess þýfis, sem kærði hefur viðurkennt að hafa tekið við, hefur komið í leitirnar.

Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann á síðastliðnum 8 árum tvívegis gengist undir dómsáttir fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni, og tvisvar sinnum hefur hann hlotið dóm fyrir brot á sömu lögum.

Árið 1984 var honum síðan veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum fangelsisrefsingur, 100 dögum.

Þrátt fyrir neitun kærða verður að telja, að hann sé undir rökstuddum grun um að hafa greitt fyrir umrætt þýfi með fíkniefnum, og þar eð kærði hefur viðurkennt að vera sjálfur neytandi þessara efna, rennir það stoðum undir þann grun.

Samkvæmt framburði kærða er óljóst, hvað orðið hefur af þeim peningum, er hann fékk að láni hjá Landsbanka Íslands, en hann kveður stóran hluta lánsins hafa farið til greiðslu skulda, er á honum hvíldu. Er kærði því grunaður um að hafa aflað peninga sér til framfærslu með sölu þýfis og fíkniefna.

Rannsókn þessa sakarefnis er enn skammt á veg komin, og þeir munir, sem kærði kveðst hafa veitt viðtöku, eru ekki allir fundnir. Er því ástæða til að ætla, að kærði geti hindrað framgang rannsóknarinnar, haldi hann óskertu frelsi sínum, með því að skjóta undan munum eða öðrum gögnum, er brotið varða.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, og samkvæmt 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglunnar að fullu til greina og gera kærða að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. september nk., kl. 17:00.

Kærði er sakaður um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33, 1944 gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Hermann Ólason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. september nk., kl. 17:00.